

Bergrisinn bs.

# Ársskýrsla þjónusturáðs

2023

Anný Ingimarsdóttir  
Erna Harðar Solveigardóttir  
Eyrún Hafþórsdóttir  
Sigprúður Birta Jónsdóttir  
Svava Davíðsdóttir

## Efnisyfirlit

<b>Bergrisinn bs.</b> .....	2
<b>Þjónusturáð</b> .....	3
<b>Verkefni þjónusturáðs Suðurlands árið 2023</b> .....	4
<b>Gæðaeftirlit</b> .....	4
<b>Greiðslur</b> .....	5
<b>Þjónusturáð bendir á og ályktar</b> .....	5
<b>Fræðsla</b> .....	5
<b>Notendaráð</b> .....	6
<b>Verkefni notendaráðs 2023</b> .....	6
<b>Ársskýrsla fagteymis 2023</b> .....	7
<b>Fagteymi vekur athygli á:</b> .....	7
<b>Verkefni fagteymis á starfsárinu 2022:</b> .....	8
<b>Sértæk þjónusta við fatlað fólk</b> .....	9
<b>Lokaorð:</b> .....	10

## Bergrisinn bs.

Á árinu 2015 var stofnað byggðasamlag vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi. Byggðasamlagið ber nafnið Bergrisinn bs. og hefur heimili og varnarþing í Sveitarfélaginu Árborg. Sveitarfélögin Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur reka saman byggðasamlagið um málefni fatlaðs fólks.

Byggðasamlagið er stofna skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðarsamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti. Starfssvæði byggðarsamlagsins skiptist í þrjú félagsþjónustusvæði. Þau eru Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls, Félagþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar og Félagþjónusta Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu. Þann 24. maí 2023 tóku í gildi ný samþykkt fyrir byggðasamlagið Bergrisinn bs. þar sem félagsþjónustusvæðin eru fimm talsins. Þau eru: Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls, Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar, Fjölskyldu- og fræðslusvið Sveitarfélagsins Ölfuss, Velferðarþjónusta Hveragerðisbæjar, Félags- og skólalþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Markmið Bergrisans bs. er að þjónusta við fatlað fólk verði samþætt félagsþjónustu sveitarfélaganna þannig að fatlað fólk njóti heildstæðrar nærþjónustu hjá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags. Þjónustan innan svæðisins skal veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir á veitingu hennar á samræmdu mati á þjónustupörf.

Stjórn Bergrisans bs. var skipuð þremur framkvæmdarstjórum eða kjörnum fulltrúum sveitarfélaga fyrir breytingar á samþykkt byggðarsamlagsins frá fyrrgreindum félagsþjónustusvæðum. Formaður stjórnar Fjóla St. Kristinsdóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar en auk hennar sátu í stjórninni Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps f.h. Árneshvíls og Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra f.h. þjónustusvæðis Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Á auka aðalfundi Bergrisans bs. þann 15. júní 2023 voru kosnir nýir fulltrúar félagsþjónustusvæðanna í samræmi við breytingar á samþykktum þar sem stjórn Bergrisans bs. skal skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara, kjörin af fulltrúum aðildarsveitarfélaganna á aðalfundi/aukaaðalfundi. Stjórn var því skipuð sem hér segir: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar og Bragi Bjarnason til vara f.h. Sveitarfélagsins Árborgar. Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps og Hulda Kristjánsdóttir til vara f.h. Árneshvíls. Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra og Eggert Valur Guðmundsson til vara f.h. þjónustusvæðis Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Elliði Vignisson, Bæjarstjóri Ölfuss og Gestur Þór Kristjánsson til vara f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss. Sandra Sigurðarsdóttir og Halldór Benjamín Hreinsson til vara f.h. Hveragerðisbæjar.

Bergrisinn bs. og Sveitarfélagið Árborg eru með samning um sameiginleg verkefni byggðarsamlagsins sem Sveitarfélagið Árborg annast s.s. fjármálastjórnun. Dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs sem starfar á grundvelli starfsreglna og gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar Bergrisans bs.


Stjórnskipulag Bergrisans- stjórn Bergrisa, þjónusturáð og fagteymi. Bergrisinn er byggður upp með þeim hætti að fagfólk frá hverju þjónustusvæði skipa fagteymi þar sem fjallað er um mál á einstaklingsgrunni, lagðar fram umsóknir um þjónustu og gætt að samræmingu á milli þjónustusvæða í veitingu þjónustunnar. Fagteymið kemur einnig að því að vinna reglur eða endurskoðun á reglum í samráði við þjónusturáð og verkefnastjóra Bergrisans. Þjónusturáð fjallar um stærri mál og stefnumótandi ákvarðanir í málaflokknum og leggur svo fundargerðir sínar fyrir stjórn, situr

stjórnarfundum og tekur þátt í með málefnalegri umræðu. Verkefnastjóri Bergrisans er starfsmaður stjórnar og vinnu í nánun samstarfi við bæði fagteymi og þjónusturáð.

Á árinu 2020 var Íris Ellertsdóttir ráðin verkefnastjóri Bergrisans. Helstu verkefni sem falla undir verkefnastjórnann eru stýring vinnu við stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum fatlaðs fólks á Suðurlandi í samvinnu við fagteymi, þjónusturáð og stjórn Bergrisans bs., umsjón með gerð samninga við sjálfstæða rekstraraðila og eftirfylgd með ákvæðum samninga, samskipti við ríki, ráðuneyti og opinberar stofnanir og Samband Íslenskra sveitarfélaga. Verkefnastjóri hefur umsjón með gerð og endurnýjun reglna Bergrisans og þjónustusvæða í samræmi við lög og reglugerðir, umsjón með innra eftirliti, umsjón með þróun nýrra úrræða á svæðinu auk annarra verkefna sem stjórn felur honum. Verkefnastjóri hefur yfirsýn yfir fjárhagsáætlun Bergrisans í samvinnu við fjármálastjóra Bergrisans, styður við innri endurskoðun og hagræðingu auk þess að veita ráðgjöf og handleiðslu á stærri mál í samráði við yfirmenn félagsþjónustusvæðanna.

### Þjónusturáð

Þjónusturáð var skipað þremur yfirmönnum fyrrgreindra félagsþjónustusvæða fyrir breytingar á samþykktum Bergrisans bs. Árið 2023 var þjónusturáðið skipað með eftirfarandi hætti: Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaptafellssýslu og formaður þjónusturáðs, Sigprúður Birta Jónsdóttir deildarstjóri félagsþjónustu Árborgar Anný Ingimarsdóttir, staðgengill forstöðumanns skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls seinna deildarstjóri velferðarþjónustu Árneshvíls. Í samræmi við breytingar á samþykktum Bergrisans bs. bættust við Eyrún Hafþórsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu Ölfuss í mars og Erna Harðar Solveigardóttir deildarstjóri velferðarþjónustu Hveragerðis í september.



Mynd 1. Skipan í þjónusturáð starfsárið 2023

Þjónusturáð sinnir stefnumótandi verkefnum, þ.e. það gerir tillögur um verkefni sem teljast stefnumótandi í samvinnu við verkefnastjóra Bergrisans. Ráðið er í virku samráði við fatlað fólk, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

Helstu verkefni þjónusturáðs:

1. Vinnur að stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum fatlaðs fólks í samvinnu við verkefnastjóra Bergrisans bs.
2. Vinnur að heildarmarkmiðum varðandi gæði þjónustu.
3. Gerir tillögur til stjórnar Bergrisans varðandi stefnumótun.

4. Gegnir samhæfingarhlutverki, tryggir innleiðingu samhæfðs verklags á sínu þjónustuvæði.
5. Eftirlit með faglegri þjónustu, starfs- og fjárhag og rekstri þeirra úrræða sem heyra undir þjónustuvæði hvers fulltrúa og veitir aðhald varðandi fjárhagsstöðu þeirra.
6. Vinnur að úrbótum á rekstri og framkvæmd þjónustunnar og tekur þátt í þróun nýrra úrræða.
7. Leggur fram erindi til stjórnarsýslu Bergrisans bs. fyrir hönd síns þjónustuvæðis.
8. Ber ábyrgð á að tryggja innleiðingu og framkvæmd þeirra erinda sem stjórn Bergrisans hefur samþykkt.
9. Vinnur ársskýrslu þjónusturáðs í samvinnu við starfsmann ráðsins og birtir fyrir maí ár hvert. Í ársskýrslu skal m.a. birt samantektin tölfraeði um þjónustuna og birtar niðurstöður og upplýsingar í samræmi við stefnu í málaflokknum og árangursmælikvarða.

### Verkefni þjónusturáðs Suðurlands árið 2023

Þjónusturáð hélt 14 fundi á árinu og starfaði samkvæmt meginmarkmiðum ráðsins.

#### Reglur og verklag

- \* Unnið að reglum um húsnæði fyrir fatlað fólk
- \* Starfsreglur þjónusturáðs endurskoðaðar – *tóku gildi 15.05.2023*
- \* Verklag um þjónustu og meðferð fjármuna í búsetu
- \* Unnið að reglum um stoðþjónustu – *tóku gildi 09.10.2023*

#### Þróun þjónustunnar

- \* Kröfulýsingar fyrir starfseiningar Bergrisans bs.
- \* Undirbúningur nýs búsetukjarna að Nauthaga 2
- \* Starfshópur vegna Nauthaga
- \* Fræðsluáætlun

#### Gæðaeftirlit

Í ágúst 2021 fór af stað verkefni um heildstætt gæðaeftirlit á starfssvæði Bergrisans. Samið var við Ellý Þorsteinsdóttur um að leiða verkefnið í samvinnu við þjónusturáð, verkefnastjóra Bergrisans og forstöðumenn. Var verkefnið ræst á fundi með helstu hagsmunaaðilum.

Markmið með verkefninu er að hafa eftirlit með innra starfi herrar starfsstöðvar og stuðla að því að gæði þjónustunnar fylgi ríkjandi hugmyndafræði sem bundin er í lög og að þjónustan komi til móts við þarfir notenda. Jafnframt að styðja við að notendur hafi áhrif á hvernig þjónustan er veitt á hverjum tíma.

Framkvæmd verkefnisins er í höndum úttektaaðila sem skipuleggur eftirlitið, sér um skýrslugerð, upplýsingamiðlun og kynningar á niðurstöðum. Stuðst er við staðlaðan matslista sem liggur til grundvallar úttektinni. Að lokinni úttekt er unnin úrbótaáætlun í samráði við forstöðumenn og yfirmenn þjónustuvæðanna. eru niðurstöður úttekta kynntar stjórn Bergrisans á hverjum ársfjórðungi.

Verkefninu lauk í nóvember 2022 og var þá vinna skv. úrbótaáætlunum komin vel af stað.

Þjónusturáð samþykkti í september 2023 að unnar verði kröfulýsingar fyrir stofnanir Bergrisans bs. og að haldið verði áfram með vinnslu gæðaeftirlits þar sem sett eru miðlæg viðmið um starfsemi stofnana Bergrisans bs. Áætlað að vinna hefjist í janúar 2024.

## Greiðslur

Á starfssvæði Bergrisans er samræmdur taxti fyrir notenda- og beingreiðslusamninga sem og greiðslna til stuðningsfjölskyldna.

## Þjónusturáð bendir á og ályktar

Þjónusturáð hefur áhyggjur af réttindagæslu fatlaðs fólks. Óstöðugleiki hefur verið í réttindagæslunni til lengri tíma og þá hefur upplýsingaflæði verið verulega ábótavant. Staðan hefur leitt af sér hindrun í þjónustu í stað þess að vera styðjandi við notendur eins og henni ber að vera lögum samkvæmt.

Ráðningarkerfið Þula hefur verið að hamlar þeim sem eru með endurhæfingarlífeyri að sækja um starf á VISS. Þjónusturáð hvetur Vinnumálastofnun til að bæta úr þessu og heimila þær umsóknir. Forstöðumanni VISS er falið að færa þessa bókun til Vinnumálastofnunar og vinna áfram með hana.

## Fræðsla

Þann 20. september 2023 var Áslaug Melax sérfræðingar hjá Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti með fræðsluerindi um aðgerðir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Starfrækt er sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Samkvæmt lögnum er óheimilt að beita nauðung í þjónustu við fatlað fólk nema til að koma í veg fyrir að einstaklingur valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni, eða til að uppfylla grunnþarfir viðkomandi. Markmið með fræðslunni var að skapa dýpri þekkingu á hugtökum sem tengjast nauðung og þá hvaða leiða við getum leitað til að koma í veg fyrir að beita henni.

Þann 16. og 17. október 2023 bauð Bergrisinn bs. upp á fræðslu fyrir starfsfólk um *Þjónandi leiðsögn og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf*. Þá var einnig boðið upp á fræðslu um *Vinnu með krefjandi einstaklinga - varnarviðbrögð annars vegar og Nauðung og þvingun - aðgerðir til að draga úr nauðung* hins vegar. Kennari var Arne Friðrik Karlsson. Dagskráin var þannig uppbyggð að námskeiðið um þjónandi leiðsögn og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf voru keyrð tvisvar, eins báða daga svo tryggt væri að allir gætu nýtt sér tækifærið til að nálgast þá fræðslu. Eftir hádegi var svo sértækari fræðsla og gafst starfsfólki kostur á að sækja bæði eða annað hvort eftir áhuga og áherslum vinnustaða. Fræðslan var vel sótt og sátu alls 56 manns fræðslu um *Þjónandi leiðsögn og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf*. Þá sátu 30 manns fræðslu um *Nauðung og þvingun - aðgerðir til að draga úr nauðung* og 35 manns fræðslu um *Vinnu með krefjandi einstaklinga – varnarviðbrögð*.

Boðið var upp á skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk á vegum Bergrisans föstudaginn 3. nóvember annars vegar og mánudaginn 6. nóvember hins vegar.

## Notendaráð

Notendaráð málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi er skipað eingöngu notendum þjónustunnar og hefur að hlutverki að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og öðrum hagsmunamálum sínum í því sveitarfélagi sem það býr. Notendaráði er einnig ráðgefandi fyrir þjónustusvæðið varðandi stefnumótun um málefni fatlaðs fólks. Ráðið getur tekið til umfjöllunar önnur mál er varða málefni fatlaðs fólks. Gert var samkomulag við Fræðslunet Suðurlands að hafa umsjón með ráðinu, en í því sitja fulltrúar fatlaðs fólks auk starfsmanns sem veitir stuðning og hefur utanumhald.

Í notendaráði sátu eftirfarandi einstaklingar: Reynir A. Ingólfsson, formaður, Svavar Jón Árnason, varaformaður, Kári Halldórsson, Kristín Þóra Albertsdóttir, María Sigurjónsdóttir og Sigurjón Brynjarsson. Starfsmaður notendaráðs var Lilja Össurardóttir þroskþjálfari. Þá er Jóhanna Margrét Einarsdóttir ráðgjafarþroskþjálfari Bergrisans bs. tengiliður við notendaráð.

## Verkefni notendaráðs 2023

Notendaráð í heild sinni fundaði ekki neitt árið 2023 en það voru þrjú fundir sem fulltrúar notendaráðs sóttu ásamt starfsmanni.


Samráðsþing um landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem haldið var í Hörpu 16. febrúar.

Samráðsfundur með Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra, sem haldinn var á Selfossi 26. júní og fjallaði um "Staða fatlaðs fólks kemur okkur öllum við - þín skoðun skiptir máli."

Samráðsfundur með fulltrúum Bergrisans þar sem rætt var um skipunarbréf notendaráðs og hvernig starfið ætti að þróast í framtíðinni. Á þessum fundi var óskað eftir kynningu notendaráðs á starfsdögum Bergrisans.

## Ársskýrsla fagteymis 2023

Í fagteymi sátu Petrína Freyja Sigurðardóttir fyrir félagsþjónustu Rangárvalla og v-Skaptafellssýslu, Halla Steinunn Hinriksdóttir fyrir félagsþjónustu Árborgar, Guðbjörg Vilhjálmisdóttir fyrir velferðarþjónustu Árnesþings, Anna Elísabet Ólafsdóttir fyrir velferðarþjónustu Hveragerðis, Eyrún Hafþórsdóttir (jan-feb) og Vigdís Lea Kjartansdóttir (feb-des) fyrir fjölskyldu og fræðsluvið Ölfuss. Í teyminu sat einnig Jóhanna Margrét Einarsdóttir ráðgjafarþroskabjálfi Bergrisans bs. sem hélt utan um verkefni og fundi fagteymis auk þess að vera tengill við þjónusturáð. Þá sat Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans bs., einnig fundi fagteymis þegar svo bar að.



Mynd 2. Skipan í fagteymi starfsárið 2023

Skv. starfsreglum fagteymis hafa störf fagteymis það að markmiði að þjónusta við fatlað fólk á svæðinu sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og ríkjandi hugmyndafræði í málefnum fatlað fólks. Tryggja skal fötluðu fólki samþætta og heildstæða nær þjónustu og stuðla að virkri þátttöku þess í samfélaginu.

Helstu verkefni fagteymis eru að fjalla um umsóknir um sértæka þjónustu. Fagteymi vinnur einnig að mótun verklagsreglna vegna þjónustu, fylgist með þróun þjónustu, leggur fram tillögur að samræmdum reglum, verkferlum, einstaklingsbundnum samningum og þjónustuáætlunum á þjónustusvæðinu í málaflokknum. Fagteymið heldur utan um biðlista vegna sértækrar þjónustu og leggur fram tillögur að nýjum þjónustuúrræðum.

Fagteymi hélt 19 formlega fundi á árinu.

### Fagteymi vekur athygli á:

Fagteymi brýnir nauðsyn þess að ráðgjafi fái stuðning næsta yfirmanns eða annars eftir atvikum við eftirlit og eftirfylgd notendasamninga til að varðveita ráðgjafasamband.

20. mars 2023 fór fagteymi Bergrisans bs. í heimsókn í Þorlákshöfn og fékk kynningu á íbúðakjarnanum að Selvogsbraut 1 og vinnustofu VISS. Fagteymi telur að stjórnendur sem og starfsmannahópur á Selvogsbraut hafi hag af viðvarandi faglegum stuðningi og fræðslu.

Vakin er athygli á því að í búsetu fyrir börn að Vallholti 27 dvelur ungmenni sem verður 18 ára 2025. Brýnt er að huga að næstu skrefum varðandi framtíðarbúsetu viðkomandi þar sem biðlisti er eftir búsetu fyrir börn og búseta í Vallholti 27 er ekki ætluð fullorðnum einstaklingum.



Fagteymi fagnar skýrslu ÖBÍ réttindasamtaka um húsnæðismál fatlaðs fólks sem gefin var út nóvember 2023 þar sem farið er yfir víðan völl um stöðu fatlaðs fólks á íslenskum húsnæðismarkaði. ÖBÍ réttindasamtök leggja áherslu á fjögur atriði til að bæta aðgengi fatlaðs fólks að húsnæðismarkaði í skýrslunni. Þetta eru fjölgun húsnæðisúrræða, þjónusta óháð búsetu, að fá þjónustuna heim (sbr. NPA) og að veittir séu styrkir til breytinga á húsnæði svo það gagnist fötluðu fólki. Fagteymi leggur til að hún verði m.a. til hliðsjónar við gerð uppbyggingaráætlunar húsnæðis á svæði Bergrisans.

#### Verkefni fagteymis á starfsárinu 2022:

- Unnið að forgangsröðun á biðlista, ný matsviðmið þróuð og tekin til notkunar.
- Unnið að stöðluðum svarbréfum umsókna og tilkynninga sem samræmd verða þvert á þjónustusvæðið

#### Umsóknir sem bárust fagteymi og teknar til umfjöllunar

Skammtímadvöl	Fjöldi umsókna	Fjöldi sólarhringa
Nýjar umsóknir	4	23
Umsókn um aukningu	2	6
Neyðarvistun	0	0

Húsnæði fyrir fatlað fólk	Fjöldi umsókna
Sértækt húsnæði með sólarhringsþjónustu	16 (þar af 2 um milliflutning)
Húsnæði með stuðningi	0

- 2 umsóknir um NPA samninga
- 1 umsókn um aukningu stuðningsfjölskyldu (5 sólarhr.) sbr. c-liðar 2. gr. verklagsreglna
- 1 umsókn um sérhæfða búsetuþjónustu hjá sjálfstætt starfandi þjónustuaðilum
- 1 beiðni um þjónustusamning um Vinnu og virkni tilboð
- 2 beiðnir um kostnaðarþátttöku vegna stoðþjónustu
  - 1 beiðni um aukningu stoðþjónustu

#### Úthlutanir

- 4 umsækjendum var úthlutað sértækt húsnæði með sólarhringsþjónustu
- 4 börnum var úthlutað samtals 10 sólarhringum í skammtímadvöl

#### Gildir notendasamningar desember 2023

- NPA samningar voru 4
- Beingreiðslusamningar voru 6

#### Staða biðlista eftir búsetuþjónustu desember 2023

- 32 manns bíða eftir sértæku húsnæði með sólarhringsþjónustu
- 19 manns bíða breytingar á núverandi búsetu
  - 15 með sólarhringsþjónustu
  - 4 án sólarhringsþjónustu
- 8 manns bíða eftir búsetu án sólarhringsþjónustu

### Staða biðlista eftir skammtímadvöl desember 2023

- 25 á biðlista eftir þjónustu í skammtímadvöl
  - 17 á bið eftir skammtímadvöl
  - 8 á bið eftir aukningu
  - 4 á biðlista eru 18 ára eða eldri

### Sértæk þjónusta við fatlað fólk

Hér verður gert grein fyrir sértækri þjónustu sem er í boði fyrir fatlað fólk og þjónustuvæðið ber sameiginlega ábyrgð á. Áður en fatlað fólk fær sértæka þjónustu þá á það rétt á almennri félagslegri þjónustu allt að 15 klst. á viku sbr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1991, þ.e. stuðningsþjónustu og akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þegar sú stuðningsþjónusta mætir ekki þörfum þess skv. mati á stuðningsþörf ber að veita sértæka þjónustu sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir 38/2018, s.s. stoðþjónusta, búsetuþjónustu, stuðningsfjölskyldur, notendasamningar og skammtímadvöl.

### Fjöldi þeirra sem nýttu sér sértæka þjónustu 2023

#### Fullorðnir

Sértæk þjónusta	Árborg	Árnesþing	FRVS	Hveragerði	Ölfus
NPA og beingreiðslusamningar	7	2	1	0	0
Skammtímadvöl	6	1	3	0	0
Viss	35	8	7	7	11

### Kópurinn (sértækt frístundarræði fyrir framhaldsskólanemendur)

Fjöldi notenda	Árborg	Árnesþing	FRVS	Hveragerði	Ölfus
	5	1	2	1	

### Börn

Sértæk þjónusta	Árborg	Árnesþing	FRVS	Hveragerði	Ölfus
Skammtímadvöl	7	1	0	1	0
Stuðningsfjölskylda	14	1	6	5	3
Búseta fyrir börn	1	0	0	1	0
NPA og beingreiðslusamningar*	1	0	0	0	0

\*beingreiðslusamningar umfram grunnþjónustu

Sértækt búseturræði	Fjöldi íbúa	*Dagþjónusta/atvinna
Heimilið Birkimörk	5	0
Heimilið Selvogsbraut	6	0
Heimilið Vallholti 9	5	0
Heimilið Vallholti 12-14	5	0
Skaftholt	8	8
Sólheimar	45	45

\*sem veitir einnig dagþjónustu/atvinnu

**Lokaorð:**

Samhliða íbúafjölgun á svæði Bergrisans hefur verið vaxandi aðsókn í þjónustu við fatlað fólk. Búast má við áframhaldandi íbúafjölgun á komandi árum. Brýnt er að halda áfram uppbyggingu búsetuúrræða á svæðinu með núverandi biðlista í huga sem og framtíðarspá um þjónustubörf á svæðinu. Einnig er áriðandi að bregðast við mikilli aðsókn í skammtímadvöl en bið eftir þjónustu er löng og mörg börn sem bíða þjónustu.